

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Selholt, L205326, sameining byggingarreita og stækkun.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Selholts, L205326. Í breytingunni felst að byggingarreitir sameinist og stækki.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. október 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Kiðjaberg, L168959, sumarbústaðaland, fækkun húsa og aukning byggingarhæðar.

Um er að ræða óverulega breytingu á skilmálum deiliskipulags sem tekur til smáhýsasvæðis í Kiðjabergi. Í breytingunni felst breyting á heimildum er varðar hámarksstærð og hæð smáhýsa innan reitsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. október 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Hestvíkurvegur 16-24 og Réttartjarnarvegur 1-5, breyttar byggingarheimildir.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að hámarksbyggingarmagni frístundahúsa er breytt úr hámarksbyggingarmagni 150 fm í hámarksnýtingarhlutfall 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. september 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Brúarey 1, L225700, sumarbústaðaland verður landbúnaðarland.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Brúareyjar 1. Í beiðninni felst að lóðin verði skilgreind sem íbúðarlóð í stað frístundalóðar í takt við heimildir aðalskipulags.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. ágúst 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. október 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.